

2. Kjarasamningar í lotunni til maíloka 2022

Í skýrslu Kjaratölfræðinefndar frá september 2020 var í fyrsta sinn birt heildstætt yfirlit yfir undirritaða kjarasamninga í samningalotu og niðurstöður atkvæðagreiðslna stéttarfélaganna um þá, þ.m.t. fjölda á kjörskrá. Fram til þess hafði ekki verið haldið utan um þessar upplýsingar með skipulögðum hætti. Nú er komin heildarmynd á fjölda stéttarfélaganna, félagsmanna og kjarasamninga í einni kjaralotu, en hún stóð yfir frá apríl 2019 til loka maí 2022. Gildistími kjarasamninga KÍ á þessu tímabili var styttri en hjá öðrum stéttarfélagum og gerðu flest aðildarfélag KÍ tvo samninga við sína aðal viðsemjendur á tímabilinu. Sama gildir um nokkra aðra kjarasamninga. Í meðfylgjandi töflum eru slík tilvik talin einu sinni.

Alls voru gerðir 326 kjarasamningar í samningalotunni. Ekki kemur á óvart að fyrir flesta er samið innan vébanda stærstu samtakanna á vinnumarkaðnum, ASÍ og SA. Samningar ASÍ og SA náðu til um 94 þúsunda, eða 55% þeirra sem kusu um kjarasamninga á tímabilinu. Alls náðu samningar í lotunni til rúmlega 171 þúsund launamanna og voru 63% þeirra á samningssviði SA og ASÍ.

Tafla 2.1 **Fjöldi kjarasamninga eftir launagreiðendum**

Atvinnurekendur	Fjöldi samninga	Hlutfallsleg skipting
Samtök atvinnulífsins	136	42%
Ríki	59	18%
Sveitarfélög	78	24%
Aðrir aðilar	53	16%
Samtals	326	100%

Tafla 2.2 **Fjöldi launafólks eftir launagreiðendum**

Atvinnurekendur	Fjöldi launafólks á kjörskrá	Hlutfallsleg skipting
Samtök atvinnulífsins	110.400	64%
Ríki	23.000	13%
Sveitarfélög	30.700	18%
Aðrir aðilar	7.400	4%
Samtals	171.500	100%

Tafla 2.3 **Fjöldi kjarasamninga eftir heildarsamtökum**

Heildarsamtök launafólks	Fjöldi samninga	Hlutfallsleg skipting
ASÍ	149	46%
BSRB	53	16%
BHM	62	19%
KÍ	13	4%
Utan heildarsamtaka	49	15,0%
Samtals	326	100%

Tafla 2.4 **Fjöldi launafólks eftir heildarsamtökum**

Atvinnurekendur	Fjöldi launafólks á kjörskrá	Hlutfallsleg skipting
ASÍ	108.500	63%
BSRB	23.500	14%
BHM	10.000	6%
KÍ	10.700	6%
Utan heildarsamtaka	18.700	11%
Samtals	171.500	100%

Tafla 2.5 **Fjöldi kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum**

	ASÍ	BSRB	BHM	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	89	12	10	1	24	136
Sveitarfélög	27	15	23	5	8	78
Ríki	7	14	21	1	16	59
Aðrir aðilar	26	12	8	6	1	53
Samtals	149	53	62	13	49	326

Tafla 2.6 **Fjöldi á kjörskrá samninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum**

	ASÍ	BSRB	BHM	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	94.092	2.109	331	247	13.637	110.416
Sveitarfélög	6.871	11.809	2.956	8.623	407	30.666
Ríki	1.642	8.692	6.520	1.498	4.668	23.020
Aðrir aðilar	5.879	916	221	328	14	7.358
Samtals	108.484	23.526	10.028	10.696	18.726	171.460

Að kjarasamningsgerð þessarar lotu komu 126 stéttarfélög, þar af 101 innan þeirra heildarsamtaka sem þessi skýrsla fjallar fyrst og fremst um. Á kjörskrá atkvæðagreiðslna um þessa samninga voru alls rúmlega 171 þúsund félagsmenn stéttarféлага, þar af tæplega 153 þúsund innan heildarsamtaka og tæplega 19 þúsund utan þeirra. Innan heildarsamtakanna voru gerðir 277 samningar, eða 2,7 að meðaltali á hvert félag. Stéttarfélög utan heildarsamtaka gerðu 49 samninga, 2,5 að meðaltali á hvert félag.